



Hreppsnefnd 13. júní 2000

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 13.júní 2000

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps þriðjudaginn 13. júní kl. 1600 í Miklagarði: Mættir Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnson, Ólafur Sigmarsson, oddviti, Árni Róbertsson og Aðalbjörn Björnsson.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps frá 18. maí sl. Farið var yfir fundargerðina og hún síðan samþykkt samhljóða.
2. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 23. maí sl. og 8. júní sl. Fundargerðirnar samþykktar.
3. mál. Fundargerð menningamálanefndar frá 15. maí sl. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
4. mál. Fundargerð skólanefndar frá 11. maí sl. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
5. mál. Grunnskóli, lagfæringar á gamla skóla, tilboð. Sveitarstjóri skýrði frá kostnaðaráætlun við lagfæringar á eldri byggingu grunnskólans. Mikil umræða var um kostnaðaráætlunina. Samþykkt var að fela sveitarstjóra og oddvita í samráði við skólastjóra að fara yfir áætlunina og í framhaldi af því ganga til viðræðna við verktaka um framkvæmdirnar. Viðbótar kostnaði verði mætt með lántökum.
6. mál. Náttúruvernd ríkisins bréf dag. 18. maí sl. Varðandi ákvæði um efnistöku. Lagt fram til kynningar.
7. mál. Lánasjóður sveitarfélaga, bréf dags. 16. maí sl. Varðandi úthlutun lána árið 2000. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að heimila sveitarstjóra að ganga frá 20.000 þús. kr. láni við Lánasjóð sveitarfélaga, sem sjóðurinn hefur samþykkt að veita hreppnum skv. bréfi þar um dags. 16. maí sl. Lánið er í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum, nú 4,5% og er tryggt með vísitölu neysliverðs og er til allt að 15 ára.
8. mál. Ú.Í.A, bréf dags. 15. apríl sl. Varðandi fjárstuðning. Farið er fram á fjárstuðning til kaupa á samkomutjaldi. Samþykkt að kanna málið frekar.
9. mál. Vegagerð ríkisins, bréf dags. 18. maí sl. Varðandi vegagerð í Hofsárdal. Lagt fram til kynningar.
10. mál. Ökutæki, áhaldahús. Oddvita og sveitarstjóra falið að kanna mögulega fjármögnunarleið til kaupa á nýjum vinnubíl fyrir áhaldahúsið.
11. mál. Skipulagsstofnun bréf dags. 29. mál sl. Varðandi skipulag á Þorbrandsstöðum. Málið er í vinnslu hjá arkitekti er vinnur að skipulagsgerð frístundabyggðar að Þorbrandsstöðum.
12. mál. Bréf dags. 22. maí sl., varðandi útfaraþjónustu. Bréf frá tveimur aðilum, Svanborgu Björnsdóttur og Jónu K. Halldórsdóttur, þar sem þær skora á hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps að hafa forgöngu um kaup á líkbíl. Samþykkt að fela sveitarstjóra og slökkviliðsstjóra að ganga í málið og kanna möguleika að lausn málsins.

13. mál. Lónabraut 43, kauptilboð. Kauptilboð barst frá Rannveigu Erlingsdóttur og Oddi V. Jóhannssyni í Lónabaut 43. Tilboðið er á þann veg að þau vilja láta húseignina Skálanesgötu 9 upp í kaupverð á Lónabraut 43 og greiða kostnað við endurbætur á þaki á Lónabraut 43 og greiða kr. 1.000.000 að auki í peningum. Sveitarstjóra falið að leita leiða og kanna málið nánar í samráði við Íbúðalánasjóð.

14. mál. Þróunarstofa Austurlands bréf dag. 28. sl. Varðandi mótun stefnu í menningarmálum. Lagt fram til kynningar.

15. mál. SSA bréf dags. 12. maí sl., varðandi sérstakt sameiginlegt kynningarátak á gæðum/kostum Austurlands. Bréf frá framkvæmdastjóra SSA, þar sem hann kynnir átakið og nauðsyn þess að fá tengilið frá hverju sveitarfélagi til samstarfs um kynningu á kostum og gæðum Austurlands. Samþykkt að sveitastjóri verði tengiliður Vopnafjarðarhrepps.

16. mál. Breyttir tímar. Aukin samvinna, sameiginlegur fundur sveitarstjórnarmanna af Norð-Austurlandi 8. júní sl. Mikil umræða var um samvinnu/samruna sveitarfélaga á Norð- Austurlandi. Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að vinna að þessum málum í samræmi við tillögu sem samþykkt var af fulltrúum sveitarfélaganna á fundinum 8. júní sl., í Svartaskógi.

17. mál. HAUST bréf dags. 15. maí sl. Varðandi nýja gjaldskrá fyrir heilbrigðis-og mengunareftirlit og bréf dags. 16. maí sl., varðandi endurnýjun stofnsamnings. Eftir umræður bar oddviti upp tillöguna um gjaldskrá HAUST til samþykktar. Hreppsnefnd samþykkti nýja gjaldskrá um hollustu og mengunarvarnir og jafnframt var samþykkt endurnýjun stofnsamningsins.

18. mál. Ýmsar fundargerðir og mál.

a) Fundargerð heilbrigðisnefndar Austurlands frá 4. maí sl.

b) Fundargerð stjórnar sveitarfélaga á köldum svæðum frá 3. maí sl.

c) SSA, stjórnarfundur 14. júní 2000 á Vopnafirði.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið.

Oddviti sleit fundi og þakkaði fundarmönnum góða fundarsetu.